

EFNISYFIRLIT

1	ÚTBODSSKILMÁLAR	2
1.0	ÚTBOÐ	2
1.1	LÝSING Á VERKINU	2
1.2	YFIRLIT YFIR ÚTBOÐSGÖGN	2
1.3	TILBOÐSSKRÁ	2
1.4	SKÝRINGAR Á ÚTBOÐSGÖGNUM	3
1.5	VERÐGRUNDVÖLLUR	3
1.6	GREIÐSLUR	3
1.7	MAGNBREYTINGAR	4
1.8	EFTIRLIT	4
1.9	ÖRYGGISBÚNAÐUR, UPPLÝSINGAR UM TÆKI OG STARFSFÓLK	4
1.10	VEÐSETNING - LÁN	4
1.11	FRAMKVÆMDATRYGGING	4
1.12	SKIL OG AUÐKENNI TILBOÐA	5
1.13	MAT OG FYRIRVARI Á ÚTBOÐI	5
2.	FRÁVIK FRÁ ÍST-30	6
2.0	GREIN 6.3.2.	6
2.1	GREIN 11.2.1.	6
2.2	GREIN 15.1	6
2.3	GREIN 22.7	6
2.4	GREIN 22.8	6
3.	FORM FRAMKVÆMDATRYGGINGAR	7
4.	LISTI YFIR TÆKI, BÚNAÐ OG STARFSFÓLK	8
5.	FORM VERKSAMNINGS	9
6.	TILBOÐSBLAÐ	10
7.	VERKLÝSING	11
7.0	ALMENNT	11
7.1	ÚTBÚNAÐUR	11
7.2	AKSTURSLEIÐIR	11
7.3	BIÐTÍMI	11
7.4	AUKAAKSTUR	11
8.	SKÝRINGAR Á AKSTRI OG FYLGISKJÖLUM	12
8.0	ALMENNT	12
8.1	AKSTUR Í GRUNNSKÓLA DJÚPAVOGS	12

1 ÚTBOÐSSKILMÁLAR

1.0 Útboð

Djúpavogshreppur, Bakka 1, 765 - Djúpvogur, óskar eftir tilboðum í skólaakstur í sveitarfélaginu næstu 4 ár, þ.e.a.s. frá ágúst 2019 til loka skólaárs vorið 2023. Þó er gerður fyrirvari af hálfu útbjóðanda að um reynsluráðningu verður að ræða til eins árs til að byrja með og til staðar verður ákvæði um uppsagnarrétt beggja aðila með 3ja mánaða fyrirvara. Tilboð skulu byggja á þessari útboðslýsingu og meðfylgjandi útboðsgögnum.

1.1 Lýsing á verkinu

Um er að ræða daglegan akstur skólabarna úr Berufirði og Álftafirði til Djúpavogs og til baka u.þ.b 300 km á dag. Auk þess annar tilfallandi akstur skólabarna í tengslum við skólasterfið bæði innan og utan sveitarfélagsins. Gert er ráð fyrir að foreldrum leikskólabarna standi til boða að nýta sér þjónustuna einnig að því gefnu að ekki verði vikið frá akstursleið vegna grunnskólanemenda og að foreldrar leggi til bílstóla. Lýsing þessi er ekki tæmandi.

Bjóðendum er skylt að bjóða í allt verkið í heild sinni.

1.2 Yfirlit yfir útboðsgögn

Tilboðsblað
Form verksamnings
Útboðsskilmálar
Tilboðseyðublað

Verkið skal framkvæma í samræmi við gildandi reglur og önnur ákvæði sem kunna að gilda um framkvæmd sem þessa og er verktaki ábyrgur fyrir að þeim sé hlítt. Frekari skilmála varðandi framkvæmd verksins er að finna í kafla 7.

Komi fram ósamræmi milli útboðsgagna skal bjóðandi tilkynna verkkaupa það til leiðréttingar strax og hann verður þess var.

1.3 Tilboðsskrá

Tilboð skal gera í allt verkið. Bjóðendum er heimilt að gera tillögur um tilhögun verksins eða einstakra verkþátta. Slíkum tillögum skal lýst nákvæmlega með greinargóðri verklýsingu eða á annan hátt ef þörf krefur. Tilgreina skal sérstaklega slíkar tillögur á meðfylgjandi tilboðsskrá.

Tilboð skal gera á meðfylgjandi tilboðsskrá og hugsanleg fylgiskjöl með henni til frekari skýringar.

Magntölur (fjarlægðartölur) eru áætlaðar og byggja á eldri gögnum v/ skólaaksturs, upplýsingum frá Vegagerð ríkisins og/eða mælingum á vegum sveitarfélagsins. Upplýsingar um nemendafjölda byggja á upplýsingum frá skólunum og skýrslum Hagstofu Íslands um íbúafjölda og dreifingu 1. desember 2018. Gerður er fyrirvari um að breytingar kunni að verða á fjölda nemenda og staðsetningu vegna hugsanlegs flutnings á aðsetri þeirra innan sveitarfélagsins eða til og frá sveitarfélaginu.

Verkkaupi bendir á, að ef ósamræmi kemur í ljós milli eldri mælinga á vegalengdum og raunverulegra fjarlægða, skal hin rétta mæling gilda, enda sé hún byggð á upplýsingum frá Vegagerðinni. Einnig er ljóst að breytingar kunna að verða á vegalengdum á útboðstímanum, t.d. með vegaframkvæmdum á akstursleið(-um). Tilboðið skal undirritað af aðilum sem hafa heimild til að skuldbinda fyrirtæki bjóðanda og skal því skilað í lokuðu umslagi á tilskildum stað og tíma.

Óski bjóðandi eftir frekari skýringum á útboðsgögnum skal hann koma því á framfæri við sveitarstjóra.

Komi til samninga við bjóðanda fær hann 2ja daga frest til að sannreyna upplýsingar í tilboðsskránni. Að þeim tíma liðnum verður bjóðanda gefinn kostur á að koma á framfæri meintum skekkjum. Allar sannanlegar skekkjur verða þá leiðréttar, en verkkaupi áskilur sér rétt til að koma á leiðréttingum við sama tækifæri.

Útfyllt tilboðsskrá skoðast sem trúnaðarmál milli verkkaupa annars vegar og bjóðanda hins vegar.

1.4 Skýringar á útboðsgögnum

Ef bjóðandi óskar eftir nánari upplýsingum eða frekari skýringum á útboðsgögnum skal hann senda fyrirspurn þar að lútandi til sveitarstjóra og þurfa slíkar fyrirspurnir að hafa borist eigi síðar en 2 almanaksdögum áður en skilafrestur tilboða rennur út. Svar verður sent öllum þeim sem þá hafa sótt útboðsgögn.

1.5 Verðgrundvöllur

Tilboðsverð skal miða við vísitölu neysluverðs og skal taka mið af gildandi vísitölu fyrir ágúst 2019 og skulu reikningar hækka eða lækka eftir breytingum á henni eins og hún er gefin út af Hagstofu Íslands.

Verðbætur skulu reiknaðar á reikninga tvisvar á ári; í júní og desember.

1.6 Greiðslur

Greiðslur til verktaka fara fram mánaðarlega á grundvelli framlagðra reikninga. Greiðslum skal háttá þannig að samþykktir reikningar verði greiddir í síðasta lagi 7 dögum eftir að þeir hafa verið samþykktir.

1.7 Magnbreytingar

Allar magntölur (fjöldi km eftir verkliðum, sbr. 1.1) í tilboðsskrá eru áætlaðar og eru til viðmiðunar en ekki bindandi til greiðslu. Til greiðslu kemur aðeins ekið magn skv. sérstöku samkomulagi í upphafi hvers skólaárs (með fyrirvörum um breytingar er kunna að verða á skólaárinu). Í byrjun hvers skólaárs skal einnig gera sameiginlegar akstursskrár sem gilda allt að eitt skólaár í senn.

Akstur getur breyst verulega á milli ára. Flutningur nemenda til og frá skólahverfinu eða á milli staða innan skólahverfis getur sömuleiðis haft veruleg áhrif á magn og skipulag aksturs á milli skólaára.

Jafnframt gæti komið til meiri háttar breytinga á núverandi skólakerfi og skulu aðilar þá semja sérstaklega um þær aðstæður sem slíkar breytingar kalla fram.

1.8 Eftirlit

Verkkaupi áskilur sér rétt til að hafa eftirlit með akstri, aðstöðu og búnaði og jafnvel að kalla til sérfróða menn til eftirlits eða úttektar á búnaði og aðstöðu hvenær sem er og skal verktaki hlíta úrskurði hans.

1.9 Öryggisbúnaður, upplýsingar um tæki og starfsfólk

Allur búnaður og starfsfólk skal vera af vera af besta gæðaflokki. Búnaður skal uppfylla ströngustu kröfur um öryggisbúnað vegna aksturs með skólabörn og vera þannig búinn að vel sé að hverjum farþega búið. Öryggisbelti skal vera fyrir alla farþega í bílunum og þeir skulu búnir farsíma. Starfsfólk skal hafa full réttindi til þeirra starfa sem það gegnir og vera hæft til að umgangast og starfa með skólabörnum. Skólabílar skulu vera fjór hjóladrifnir.

Með tilboði sínu skal verktaki láta fylgja lista yfir þann búnað og starfsfólk sem hann býður (sbr. kafla 4, Tækjalisti, starfsfólk). Verkkaupi áskilur sér rétt til að kalla eftir upplýsingum hjá tilboðsgjöfum um fjárhagsstöðu þeirra, upplýsingum úr sakaskrá og öðrum þeim upplýsingum, er taldar verða skipta máli vegna ákvörðunar um töku einstakra tilboða.

1.10 Veðsetning - lán

Verktaka er óheimilt að binda verkkaupa á nokkurn hátt af lánum eða öðrum skuldbindingum sem hann kann að taka á sig á verktímanum. Einnig er verktaka óheimilt, án sérstaks leyfis verkkaupa að veðsetja tæki, vélar eða annan búnað sem kynni að hafa sérstaka þýðingu fyrir framkvæmd eða framgang verksins.

1.11 Framkvæmdatrygging

Áður en skriflegur samningur er undirritaður getur verkkaupi krafist þess að verktaki setji tryggingu fyrir því að hann geti efnt skyldur sínar skv. samningi, 10% af árlegri samningsupphæð, sbr. ÍST 30, kafla 15. Tryggingin skal vera á

Því formi sem fram kemur í útboðslýsingu og vera tiltæk án undangengins dómsúrskurðar.

1.12 Skil og auðkenni tilboða

Tilboðum skal skilað á skrifstofu Djúpavogshrepps, Bakka 1, 765 - Djúpivogur, eigi síðar en 17. maí 2019 kl. 14:00. Tilboðin skulu vera í lokuðu umslagi þannig merktu:

Skólaakstur í Djúpavogshreppi 2019- 2023 TILBOÐ

Tilboðin verða opnuð á sama stað kl. 14:05 að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska. Fyrirspurnum og upplýsingum um verkið verður svarað af sveitarstjóra. Geti bjóðandi ekki komið útfylltum útboðsgögnum á opunarstað til opunar er heimilt að senda tilboð með staðfestu símskeyti eða símbréfi á opunarstað. Bjóðendum er bent á að senda skeyti sín eða símbréf tímanlega og æskilegt er að þeir tilkynni á opunarstað að skeyti eða símbréf sé á leiðinni.

1.13 Mat og fyrirvari á útboði

Verkkaupi áskilur sér rétt til þess að taka hvaða tilboði sem er eða hafna öllum tilboðum. Einnig er gerður fyrirvari um ráðningu til reynslu til eins árs í upphafi, sbr. ennfremur ákvæði um 3ja mánaða gagnkvæman uppsagnarfrést.

Djúpavogi 23. apríl 2019

sveitarstjóri

2. FRÁVIK FRÁ ÍST-30

2.0 Grein 6.3.2.

Greinin orðist svo: Ef einhverjir liðir í tilboðsskrá eru ekki fylltir út skal litið svo á að þeir séu innifaldir í öðrum liðum.

2.1 Grein 11.2.1.

Greinin orðist svo: Gerður verður sérstakur skriflegur samningur um verkið.

2.2 Grein 15.1

Greinin orðist svo: Verkkaupi mun ekki setja tryggingu fyrir greiðslum. Þegar verksamningur er gerður setur verktaki fram tryggingu fyrir því að hann muni uppfylla skyldur sínar skv. honum. Aðrar greinar í kafla 15 í ÍST-30, Tryggingafé breytast til samræmis við þessa grein.

2.3 Grein 22.7

Við greinina bætist: Ábyrgðartrygging verktaka skal taka til alls tjóns sem þriðji aðili kann að verða fyrir í tengslum við eða vegna verksins, þar með talið tjón vegna sprenginga. Vátryggingarskírteini og kvittanir fyrir greiðslu iðgjalda skal sýna eftirlitsmanni þegar krafist er.

2.4 Grein 22.8

Ný grein: Verktaki skal taka allar þær lögboðnar og samningsbundnar vátryggingar sem verktaka er skylt að kaupa og viðhalda. Ber verktaki ábyrgð á að undirverktakar sinni einnig skyldum sínum í þessu efni.

3. FORM FRAMKVÆMDATRYGGINGAR

Með bréfi dagsettu _____ 20____ tók Djúpavogshreppur tilboði verktakans _____ í verkið skólaakstur 2015 – 2019.

Hér með tekur _____ ábyrgð á því að nefndur verktaki fullnægi í einu og öllu skyldum sínum við verkið samkvæmt útboðsgögnum þar að lútandi.

Ábyrgðin tekur gildi við undirritun þessarar yfirlýsingar og miðast við kr.: _____ og fellur niður þremur mánuðum eftir að verkinu lýkur.

Telji Djúpavogshreppur að verktaki hafi vanefnt samningsskyldur sínar að einhverju leyti, munum við greiða honum tryggingaféð án undangengins úrskurðar að svo miklu leyti sem hann gerir kröfur til. Ofangreind ákvæði gilda jafnt þótt samningsviðaukar hafi verið gerðir.

Djúpavogi 24. ágúst 2015

(Verkkaupi)

(Tryggingaraðili verksala)

4. LISTI YFIR TÆKI, BÚNAÐ OG STARFSFÓLK

Bjóðandi skal hér fyrir neðan gera grein fyrir helstu upplýsingum er varða tegund, stærð, árgerð og drifbúnað einstakra ökutækja.

Einnig skal gefa upplýsingar um aldur, reynslu og réttindi allra bílstjóra sem vitað er á þessu stigi að koma til með að sinna akstrinum.

(Viðbótarlisti – ef með þarf – verður afhentur síðar).

5. FORM VERKSAMNINGS

Samningur þessi er gerður milli Djúpavogshrepps, hér eftir nefndur verkkaupi og _____ hér eftir nefndur verktaki.

1. gr.

Verktaki tekur að sér skólaakstur á akstursleiðinni frá Berufirði frá og með 31. ágúst 2015 til og loka skólaárs 2019 skv. meðfylgjandi útboðsgögnum sem teljast hluti af samningi þessum, ásamt öðrum gögnum sem nefnd eru og vísað er til. (Sjá þó fyrirvara í 1.13). Að öðru leyti gilda ákvæði ÍST-30 um verkið.

2. gr.

Fyrir framangreint verk ber verkkaupa að greiða verktaka pr. ekinn km krónur: _____, skrifað:

Verðbætur fyrir verkið verða greiddar skv. vísitölu neysluverðs til verðtryggingar skv. ákvæði í útboðsgögnum.

3. gr.

Verktaki skal framvísa reikningi, eigi síðar en 5. dag næsta mánaðar og verða framlagðir reikningar greiddir innan 7 daga frá því þeir eru samþykktir.

4. gr.

Til tryggingar því að verktaki efni skyldur sínar skv. samningi þessum, afhendir hann verkkaupa bankatryggingu að upphæð kr. _____ þ.e. 10% af áætlaðri samningsupphæð 3ja mánaða m/v fullan akstur.

4. gr.

Samningur þessi er til reynslu í eitt ár frá undirritun og auk þess uppsegjanlegur af beggja hálfu með 3ja mánaða fyrirvara. Skal uppsögnin vera skrifleg.

5. gr.

Af samningi þessum eru gerð tvö samhljóða frumrit, sitt handa hvorum aðila.

Djúpavogi 24. ágúst 2015

F.h. verktaka

F. h. verkkaupa

Vottar að rétttri undirskrift, dagsetningu og forræði:

kt: _____ kt: _____

6. TILBOÐSBLAÐ

Undirritaður gerir hér með eftirfarandi tilboð í skólaakstur fyrir Djúpavogshrepp skólaárin 2015 - 2019 skv. meðfylgjandi útboðsgögnum og útfylltri tilboðsskrá:

Tilboðsfjárhæð pr. ekinn km, kr. _____

Skrifað:

Tilboðsupphæð (krónur á ekinn kílómetra) í bókstöfum

Tilboðið nær yfir akstursleiðina:

Staður

Dags.

2015

Nafn bjóðanda

Heimilisfang

Undirskrift

7. VERKLÝSING

7.0 Almenn

Verkið felst í akstri grunnskólabarna í sveitarfélaginu í og úr skóla svo og akstur vegna viðburða sem eru hluti af eða tengjast skólafélaginu skólaárin 2015- 2019.

Almennt eru gerðar mjög miklar kröfur til gæða og öryggis bæði hvað varðar ökutæki og ökumenn. Ökutæki skulu vera útbúin skv. gildandi reglugerðum um gerð og útbúnað ökutækja og merkingar samkvæmt gildandi reglugerðum um merkingar skólabifreiða, hvort tveggja gefið út af dóms- og kirkjumálaráðuneytinu.

7.1 Útbúnaður

Í ökutækjunum skulu vera öryggisbelti í öllum sætum. Ökutæki skulu vera sem best búin til vetraraksturs þannig að tryggt sé að vel sé búið að börnunum og fyllsta öryggis sé gætt í hvívetna. Ökuriti skal vera í öllum ökutækjum.

Verkkaupi skal hvenær sem er á samningstímanum hafa rétt til að skoða eða láta skoða ökutækin.

Verkkaupi áskilur sér rétt til að hafa gæslumann í þeim bifreiðum sem ástæða þykir til.

7.2 Akstursleiðir

Akstursleiðir liggja fyrir í útboðsgögnum að öðru leyti en því að ekki er getið um mörk fjarlægustu bæja, enda geta þau verið breytileg eftir tímabilum. Leitast skal við að tryggja sem allra best öryggi barnanna í bílunum og jafnframt sé dagleg vera þeirra í bílunum er takmörkuð eins og unnt er. Sveitarfélagið hefur sett sér að skipulag aksturs taki mið af því að akstursleið skólabifreiðar kalli ekki á lengri veru barns í skólabíl en að hámarki u.þ.b. 60 mín. hvora leið að jafnaði.

7.3 Biðtími

Þjóðendur geta tilgreint tímagjald fyrir biðtíma sem kann að skapast t.d. í tengslum við akstur vegna félagsstarfa, akstur í veg fyrir aðra skólabifreið o.s.frv.

7.4 Aukaakstur

Gert er ráð fyrir að skólarnir hafi þörf fyrir ýmsan aukaakstur t.d. vegna félagsstarfa nemenda og skólaferðalaga, innan héraðs og utan.

Þjóðendur skulu hér að neðan skila upplýsingum á gjaldi fyrir slíkan aukaakstur eftir stærð ökutækis, allt frá fólksbílum til 15 manna fólksflutningabifreiða, ef taxti er annar en tilboðsfjárhæð pr. ekinn km hér að framan.

8. SKÝRINGAR Á AKSTRI OG FYLGISKJÖLUM

8.0 *Almennt*

Yfirlit yfir fjölda skólabarna og staðsetningu þeirra skv. upplýsingum í skýrslum Hagstofu Íslands frá 1. desember 2009 eru til staðar hjá skólastjóra Grunnskóla Djúpavogs.

8.1 *Akstur í Grunnskóla Djúpavogs*

Gert er ráð fyrir að skólastarfi við Grunnskóla Djúpavogs verði þannig háttað að það hefjist kl. 08:05 að morgni alla virka daga vikunnar. Um samfelld skólastarf er að ræða og er reiknað með að nemendur séu tilbúnir til heimferðar um kl. 15:00 á degi hverjum.

Að öðru leyti er áskilinn réttur verkkaupa að stundaskrá gildi um tímasetningar heimferða. Um er að ræða daglegan akstur skv. skóladagatali. Verði um frávík að ræða hefur verkkaupi heimild til að breyta tímasetningum, þó eingöngu þannig að verksala sé gerð grein fyrir því tímanlega.

Skólaakstur 2015-2019 Djúpavogshreppur

Útboðsgögn